

BRENDA PREHAL

Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs í Svínadal og Langadal.



Forsíðumynd: Túngarður á Æsustöðum, horft til norðausturs.



© Brenda Prehal/Byggðasafn Skagfirðinga
2022/259

Efnisyfirlit


Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráningar	6
Aðferðarfræði.....	7
Fornleifaskrá	9
Svínadalur	9
Langidalur	13
Samantekt	16
Svínadalur	16
Langidalur	17
Heimildaskrá	19
Fylgiskjöl	20

Inngangur


Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga tók að sér skráningu vegna lagningar jarðstrengs í Svínadal og Langadal að beiðni Rögnvaldar Guðmundssonar hjá RARIK. Skráning á vettvangi fór fram dagana 21.-23. og 30. september 2022. Fyrirhuguð lagnaleið er um 36,3km að lengd, 30,4km í Svínadal og 5,8km í Langadal. Jarðstrengurinn mun liggja gegnum 17 jarðir. Fyrirhuguð lagnaleið í Svínadal byrjar á Kagaðarhóli þar sem hún klofnar og liggur annars vegar frá Kagaðarhóli yfir Fremri-Laxá að Hamrakoti og hins vegar frá Kagaðarhóli niður að Stóradal þar sem hún klofnar aftur. Þaðan liggur leiðin frá Stóradal upp að Stekkjadal og svo yfir Sléttá að Litladal. Hin leiðin liggur frá Stóradal að Syðri-Löngumýri yfir Blöndu og endar í Brúarhlíð. 12 býli eru á þessari leið. Fyrirhuguð lagnaleið í Langadal liggur frá Æsustöðum að Auðólfstöðum og þaðan í Fagranes, Skriðuland og Ártún. Fjögur býli eru á þessari leið.

Vettvangsvinna, með aðstoð frá Swanhild Ylfu K.R. Leifsdóttur, úrvinnsla og skýrsluskrif voru í höndum Brendu Prehal fornleifafræðings.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2821



Mynd 1. Fyrirhuguð lagnaleið í Svínadal.



Mynd 2. Fyrirhuguð lagnaleið í Svínadal og Langadal.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangsskönnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær tóft í landi Kagaðarhóls raðnúmerið 1 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>


[Kagaðarhóll 2821-1]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Áður skráðar minjar fá upprunaleg skráningarnúmer í sviga fyrir aftan nýja númerið, t.d. [Kagaðarhóll 2821-2] (Kagaðarhóll 2713-19).

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast við mögulega hættu af völdum fyrirbyggjandi framkvæmda vegna lagningar jarðstrengs í Langadal og Svínadal.

Við skráningu jarðstrengja eru skoðaðir 15m til beggja hliða út frá strenglögnum.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitsmyndir er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir voru fengnar hjá verkkaupa.



Mynd 3. Minjar 2821-1-6.

Kagaðarhóll 2821-1

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta – 12m austan við fyrirhugaða lagnaleið

Staðhættir

Um 90m norðaustan við íbúðarhúsið á Kagaðarhóli er tóft.

Lýsing

Tóftin er illgreinaleg og grasi gróin. Hún er um 6x7m að utanmáli og veggir eru um 1,5m á breidd og um 30cm á hæð.

Kagaðarhóll 2821-2 [Kagaðarhóll 2713-19]

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Gata

Hættumat: Hætta – 8m vestan við fyrirhugaða lagnaleið

Staðhættir

Um 45m norðaustan við íbúðarhúsið á Kagaðarhóli eru mögulega leifar gömlu heimreiðarinnar.

Lýsing

Árið 2021 skráði fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga minjar á Kagaðarhóli. Í skýrslunni segir: „Meint heimreið liggur NA-SV frá Kagaðarhóli og í átt að Blöndu. Hún er um 27m löng og hefur orðið fyrir töluverðu raski“ (2021, bls. 19).

Kagaðarhóll 2821-3 (Kagaðarhóll 2713-20)

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Dæld, hleðsla

Hættumat: Mikil hætta – 1m austan við fyrirhugaða lagnaleið

Staðhættir

Dæld og veggjaleifar eru um 65m norðaustur af íbúðarhúsinu á Kagaðarhóli, á hól sem heitir Kvíahóll.

Lýsing

Árið 2021 skráði fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga minjar á Kagaðarhóli. Í skýrslunni segir: „Dældin er um 3,5m x 13,5m að utnmáli og liggur NV-SA. Lítill hluti af grjóthlaðinni vegggleðslu er eftir til norðurs og vesturs. Þetta eru að líkindum leifar kvía“ (2021, bls. 20).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kagaðarhóls (bls. 7) segir: „Örstutt fyrir ofan túnhliðið rétt fyrir ofan (austan) bæinn er Kvíahóll. Hann er lágur hól sem ber örlítið hærra en bæjarstæðið.“

Kagaðarhóll 2821-4 (Kagaðarhóll 2713-21)

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Mikil hætta – í lagnaleið

Staðhættir

Gata er um 130m norðaustur af íbúðarhúsinu á Kagaðarhóli.

Lýsing

Árið 2021 skráði fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga minjar á Kagaðarhóli. Í skýrslunni segir: „Norðurendi göturnar er um 710m norðaustan við íbúðarhúsinu á Kagaðarhóli og er vel greinanleg. Gatan er vel greinanleg. Hún er um 635m löng“ (2021, bls. 20).

Kagaðarhóll 2821-5 (Kagaðarhóll 2713-29)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Hættumat: Hætta – 6,5m norðan við fyrirhugaða lagnaleið

Staðhættir

Dæld er um 13m vestan við íbúðarhúsið á Kagaðarhóli.

Lýsing

Árið 2022 skráði fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga minjar á Kagaðarhóli. Í skýrslunni segir: „Dældin er um 2,5 x 3m að utanmáli og um 35cm djúp“ (2022, bls. 11).

Kagaðarhóll 2821-6 (Kagaðarhóll 2713-30)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Hættumat: Mikill hætta – 5m norðan við fyrirhugaða lagnaleið

Staðhættir

Dæld er um 12,5m vestan við íbúðarhúsið á Kagaðarhóli.

Lýsing


Árið 2022 skráði fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga minjar á Kagaðarhóli. Í skýrslunni segir: „Dældin er um 1,5 x 3m að utanmáli og um 35cm djúp“ (2022, bls. 12).

Hamrakot 2821-7

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Mikil hætta – í lagnaleið



Mynd 4. Leið (2821-7), horft til vesturs.

Staðhættir

Rúmlega 1km norðvestan við íbúðarhúsið á Hamrakoti er gata (kort 1).

Lýsing

Gatan er vel greinanleg og um 570m löng. Hún liggur NV-SA og svo sveigir austur við klett í átt að Laxá. Gatan gæti verið kindagata en telst þó líklega ekki til fornleifa.

Tindar 2821-8

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Mikil hætta – í lagnaleið

Staðhættir

Um 270m VNV við íbúðarhúsið á Tindum er gamall vegur.



Mynd 5. Vegur (2821-8), horft til suðausturs.

Lýsing

Vegurinn er um 710m langur og um 5m á breidd. Hann er grasi gróinn og liggur NNV-SSA. Nákvæmur aldur er ekki þekktur en líklega var hann gerður einhvern tíma á fyrri hluta 20. aldar. Vegurinn telst þó líklega ekki til fornleifa.

Stóridalur 2821-9 (Stóridalur 2514-36)

Sérheiti: Lambhúsholt?

Hlutverk: Lambhús?

Tegund: Þúst

Hættumat: Mikil hætta – í lagnaleið

Staðhættir

10m austan við Stóradalsvegin, um 1km NNV við íbúðarhúsið á Stóradal og um 570m suðaustan við íbúðarhúsið í Stekkjardal er þúst (kort 2).

Lýsing

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga skráði þústina árið 2010. Í skýrslunni segir: „Óvist er nákvæmlega hversu langt holtið náði en um 1km nnv af bænum og 10m austan við veginn er þúst. Þar sem hugsanlegt er að lambhúsin hafi staðið að öðrum kosti eru þau komin í tón. Þústin er nálega hringlaga, um 7m í þvermál.. Hún er grasi gróin, um 1-1,5m hærri en umhverfi hennar og engin veggjalög eru greinileg á henni. Samkvæmt Þóreyju Jónsdóttur hét það Lambhúsholt“ (Bryndís Zoëga o.fl. 2010, bls. 23).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Stóradals segir: „Lambhúshóll, hóll sem liggur norður frá túninu austan Keldudals norður af Græfum“ (bls. 7).

Langidalur



Mynd 6. Minjar 2821-10-13.

Æsustaðir 2821-10

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta – í lagnaleið

Staðhættir

Um 70m austan við þjóðveg 1 og um 130m vestan við íbúðarhúsið á Æsustöðum er grjóthlaðið garðlag.



Mynd 7. Túngarður (2821-10), horft til norðausturs.

Lýsing

Grjóthlaðinn túngarðurinn er um 388m

langur, um 1m á hæð og um 80cm á breidd. Hann er grasi og mosa gróinn og hefur verið raskað á köflum.

Æsustaðir 2821-11

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta – nákvæm staðsetning óþekkt

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti Æsustaða frá 1920 var útihús um 35m-40m norðvestan við íbúðarhúsið.

Lýsing

Húsið er horfið og nákvæm staðsetning ekki þekkt. Svæðið er grasi gróið og sést ekkert á yfirborði en þarna er rotþró og jarðvegur því raskaður.

Æsustaðir 2821-12

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta – horfið

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti Æsustaða frá 1920 var heimreið rétt VNV við íbúðarhúsið.

Lýsing

Vegurinn er horfinn undir túnið. Hann lá VNV-ASA frá íbúðarhúsinu í átt að núverandi þjóðvegi.

Æsustaðir 2821-13 (Bólstaðarhlíð 2713-16)

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Mikil hætta – í lagnaleið

Staðhættir

Gamli þjóðvegurinn liggur fyrir ofan núverandi þjóðveg í löndum Bólstaðahlíðar, Æsustaða og Auðólfssstaða.

Lýsing

Fornleifaskráning á Æsustöðum var gerð af fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga árið 2021. Í skýrslunni segir: „Vegurinn er vel greinanlegur en grasi gróinn. Norðurendi vegarins er um 300m norðvestan við símstöðina í landi Bólstaðahlíðar og endar um 2km norðvestan við íbúðarhúsið á Auðólfsstöðum. Hann er um 6,5km langur. Vegurinn hefur síðast verið akvegur en hann liggur, að minnsta kosti að hluta á sama stað og gamli vegurinn, sem merktur er á túnakorti Æsustaða“ (bls. 17-18).

Aðrar upplýsingar

Í Fasteignamati 1916-1918 (nr. 161, bls. 135) segir: „Aðalpóstleið liggur við bæinn, sem er bréfhirðingastaðar og rúml. helmingur af leið úr næsta kauptúni akfært, hitt sæmilegur reiðvegur.“

Æsustaðir 2821-14 (Æsustaðir 2713-17)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta – 12,5m norðan við fyrirhugaða lagnaleið.

Staðhættir

Garðlag er um 665m suðaustur af íbúðarhúsinu á Æsustöðum og fyrir ofan gamla þjóðveginn [2713-13] (kort 3).

Lýsing

Garðlagið er greinanlegt en grasi og mosa gróið. Það er um 50cm á breidd, um 30cm á hæð og um 143m langt. Hlutverk þess er óþekkt.

Samantekt

Þær minjar sem skráðar voru á vettvangi eru hefðbundnar minjar sem flestar tengjast búsetu, landbúnaði og samgöngum á 19. og 20. öld. Alls voru 12 minjar skráðar í nágrenni fyrirhugaðrar lagnaleiðar. Þar af er tóft [2821-1], fimm götur [2821-2, 2821-4, 2821-7, 2821-8, 2821-13], tvenn garðlög [2821-10, 2821-14], ein dæld/hleðsla [2821-3], tvær dældir [2821-5, 2821-6], og ein þúst [2821-9]. Hér að neðan er stutt samantekt yfir minjar á lagnaleiðinni.

Svínadalur

Kagaðarhóll

Leið [2821-4] er í lagnaleið og því í mikilli hættu vegna framkvæmda. Kvíar [2821-3] eru 1m frá fyrirhugaðri lagnaleið og dæld [2821-6] er 5m frá lögninni og eru þessar minjar taldar í mikilli hættu. Tóft [2821-1] er 12m frá fyrirhugaðri lagnaleið, heimreið [2821-2] er 8m frá fyrirhugaðri lagnaleið. Dæld [2821-5] er 6,5m frá fyrirhugaðri lagnaleið. Þessar minjar eru taldar í hættu.

Tillögur að mótvægisáðgerðum:

Með því að hliðra lagnaleið til suðurs meðfram veginum og heimreiðinni mætti forða minjum frá riski.

Hamrakot

Leið [2821-7] er í lagnaleið og því í mikilli hættu vegna framkvæmda.

Tindar

Vegur [2821-8] er í lagnaleið og því í mikilli hættu vegna framkvæmda.

Stóra-Búrfell

Minjar fundust ekki innan 15m frá lagnaleið í landi Stóra-Búrfells.

Litla-Búrfell

Minjar fundust ekki innan 15m frá lagnaleið í landi Litla-Búrfells.

Sólheimar

Minjar fundust ekki innan 15m frá lagnaleið í landi Sólheima.

Svínavatn

Minjar fundust ekki innan 15m frá lagnaleið í landi Svínavatns.

Stóridalur

Þúst [2821-9] er í lagnaleið því í mikilli hættu vegna framkvæmda.

Tillögur að mótvægisáðgerðum:

Með því að hliðra lagnaleið til norðurs um nokkra metra mætti forða minjum frá raski.

Stekkjardalur

Minjar fundust ekki innan 15m frá lagnaleið í landi Stekkjardals.

Litlidalur

Minjar fundust ekki innan 15m frá lagnaleið í landi Litladals.

Ytri-Langamýri

Minjar fundust ekki innan 15m frá lagnaleið í landi Ytri-Löngumýrar.

Syðri-Langamýri

Minjar fundust ekki innan 15m frá lagnaleið í landi Syðri-Löngumýrar.

Brúarhlíð

Minjar fundust ekki innan 15m frá lagnaleið í landi Brúarhlíðar.

Langidalur

Fagranes

Minjar fundust ekki innan 15m frá lagnaleið í landi Fagraness.

Skriðuland

Minjar fundust ekki innan 15m frá lagnaleið í landi Skriðulands.

Auðólfstaðir

Vegur [2821-13] er í lagnaleið og er í mikilli hættu vegna framkvæmda.

Æsustaðir

Vegur [2821-13] og garðlag [2821-10] eru í lagnaleið. Báðar minjar eru taldar í mikilli hættu vegna framkvæmda. Garðlag [2821-14] er um 12,5m fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið og er ekki talið í hættu vegna framkvæmda.

Ártún

Minjar fundust ekki innan 15m frá lagnaleið í landi Ártúns.

Niðurlag

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Brenda Prehal. „Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs í Langadal og Svartárdal.“ Byggðsafn Skagfirðinga, skýrsla BSK 2021/248. Skagafjörður, 2021.

Brenda Prehal. „Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs í Langadal og Svartárdal. Viðbætur 2022.“ Byggðsafn Skagfirðinga, skýrsla BSK 2022/250. Skagafjörður, 2022.

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, & Guðný Zoëga. „Fornleifaskráning Húnavatnshrepps. Auðkúla og Stóridalur.“ Byggðsafn Skagfirðinga, skýrsla BSK 2010/101. Sauðárkrókur, 2010.

Fasteignamat 1916-1918 – undirnat; A-Húnavatnssýsla. <https://icdb.landsbokasafn.is/document/ICDB/Fasteignamat%201916-1918%20-%20undirnat;A-H%C3%BAnavatnss%C3%BDsla/?page=0>. Skoðað þann 26.11.2021.

Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu. Item 018952. Sótt af: <https://atom.blonduos.is/index.php/01895d-sed-af-fjosaklifi-ut-svartardal-1929-fjosar-gil-botnastadir-bolstadarhlid-aevarsskard>. Skoðað þann 26.11.2021.

Túnakort

Æsustaðir 1916

Örnefnaskrá

Kagaðarhóll. 2004. Þormóður Ingi Heimisson skráði eftir frásögn Stefáns Á. Jónssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Stóridalur. Höfundur og útgáfuár óþekkt. Örnefnastofnun Íslands.


Fylgiskjöl

Fornleifar í Svínadal – hnitaskrá


Númer	Jörð	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Fjarlægð frá línu	Austun	Norðun
2821-1	Kagaðarhóll		Óþekkt	Tóft	800	1950	Ill greinanleg	Hætta	12m	448009	566379
2821-2	Kagaðarhóll		Heimreið	Gata	1600	1950	Ill greinanleg	Hætta	8m	448006	566353
2821-3	Kagaðarhóll		Kvíar	Dæld, hleðsla	1600	1950	Ill greinanleg	Mikil hætta	1m	448004	566360
2821-4	Kagaðarhóll		Leið	Gata	1700	1950	Vel greinanleg	Mikil hætta	í lagnaleið	447969	566392
2821-5	Kagaðarhóll		Óþekkt	Dæld	800	1950	Ill greinanleg	Hætta	6,5m	447925	566328
2821-6	Kagaðarhóll		Óþekkt	Dæld	800	1950	Ill greinanleg	Mikil hætta	5m	447921	566320
2821-7	Hamrakot		Leið	Gata	800	2022	Vel greinanleg	Mikil hætta	í lagnaleið	447271	564266
2821-8	Tindar		Vegur	Gata	1900	1980?	Vel greinanleg	Mikil hætta	í lagnaleið	448215	564542
2821-9	Stóridalur	Lambhúsholt?	Lambhús?	Þúst	1700	1900	Greinanleg	Mikil hætta	í lagnaleið	456634	556108

Fornleifar í Langadal – hnitaskrá


Númer	Jörð	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Fjarlægð frá línu	Austun	Norðun
2821-10	Æsustaðir	Túngarður	Garðlag	1700	1950	Vel greinanleg	Mikil hætta	í lagnaleið	458100	560381
2821-11	Æsustaðir	Útihús	Heimild	1700	1950	Horfið	Ómetið	Ómetið	458065?	560650?
2821-12	Æsustaðir	Heimreið	Heimild	1700	1950	Horfið	Ómetið	Ómetið	458026?	560638?
2821-13	Æsustaðir	Vegur	Gata	1929?	1980?	Vel greinanleg	Mikil hætta	í lagnaleið	459905	558718
2821-14	Æsustaðir	Óþekkt	Garðlag	800	1900	Greinanleg	Hætta	12,5m	458687	560065



Kort 1. Kagaðarhóll, Tindar, & Hamrakot.



Kort 2. Stóridalur, Stekkjardalur, & Litlidalur.



Kort 3. Æsustaðir.